

AUGLÝSING

um gjald vegna þátttöku í vigtarmannanámskeiðum í Reykjavík.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn skal ráðherra ákveða gjald til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa varðandi löggildingu vigtarmanna. Skal fjárhæðin taka mið að kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófsins.

Við námskeiðsgjald bætist löggildingargjald í samræmi við lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs eins og það er á þeim tíma sem löggilding fer fram.

Námskeiðin skiptast í almennt námskeið og endurmenntunarnámskeið. Námskeiðsgjöld og löggildingargjöld fyrir námskeiðin sjást í meðfylgjandi töflu:

Texti	Námskeiðsgjald kr.	Lögg. gjald kr.	Samtals kr.
Almennt námskeið	52.400	8.300	60.700
Endurmenntunarnámskeið	20.900	1.650	22.550

Aukakostnaður vegna námskeiða utan Reykjavíkur reiknast fyrir hvert tilvik og byggist á dagpeningum, ferðakostnaði og ferðatíma.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi og jafnframt er úr gildi fallin auglýsing nr. 200/2010.

Innanríkisráðuneytinu, 30. nóvember 2011.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Sigurbergur Björnsson.